

Það er óhætt að segja að Azure, skýjalausn Microsoft, innihaldi allt sem nútímafyrirtæki þurfa á að halda. Staðan er raunar orðin þannig í dag að "skýið" er að taka við af eldri lausnum sem einkennast af svokölluðum "local-lausnum", þar sem fyrirtæki reka netþjón innanhús. Dæmigerður slíkur netþjón kostar um 1,5 milljón kr. og skipta þarf um hann á cirka 18. mánaða fresti. Slíkur netþjón telst í dag einnig óöruggari, bæði rekstrarlega og hætta á innbroti er einnig meiri. Dæmigerður netþjónn í skýinu kostar cirka 20 þús kr. á mánuði. Þá er innifalið svokallað always on failover, sem er afritunarlausn Microsoft og Always encrypted. Svo núorðið er ljóst að rekstur gagnalausna er almennt bæði hagkvæmari og öruggari í skýinu heldur en local lausnir. Það er svolítið myndið að í markaðsefni frá bandarískum endursöluaðillum sést að menn hafa það mikla trú og traust á skýjalausnum Microsoft að þeir auglýsa opinberlega að Azure sé einnig ofan á allt annað tryggt gegn árásum risaeðla.

Always on encrypted var raunar kynnt til sögunnar hjá Microsoft daginn eftir að þekktur hakkari setti á netið heilsufarsskýrslur hundruða þúsunda bandaríkjamanna. Á þeim mátti sjá að þær áttu rætur sínar að rækja til AWS (Amazon Web Services).

Microsoft Azure kemur mjög sterkt inn þegar fyrirtæki vilja leita leiða til að fara eftir hverskyns stöðlum tengdum upplýsingatækni og öryggiskröfum, svo sem GDPR og fleira. Undirrituðum er mjög til efs að íslensk fyrirtæki geti þegið betri þjónustu í þá veru en hjá Azure ([sjá nánar hér](#)). Þar er einnig að finna ISO staðla sem Azure hefur fengið og býður viðskiptavinum sínum upp á með sinni þjónustu.

Undirritaður hefur tekið eftir að nokkuð er um að lögfræðingar séu að bjóða ráðgjöf til fyrirtækja sem hyggjast uppfylla GDPR reglugerðina. Þó undirritaður beri mikið traust til íslenskra lögfræðinga, getur það varla talist ásættanlegt eða öruggt að aðrir en tölvunarfræðingar sinni slíkri ráðgjöf, því að ráðgjöf til fyrirtækja er varðar geymslu og meðferð stafrænna upplýsinga og högun tölvukerfa hlýtur að vera verkefni fólks sem hefur menntun á því tiltekna sviði.

Ármann Atli Sigurðsson